

## Páll Helgason, skrifstofumaður

Afhending 2014/65

Páll Helgason fæddist 20. mars 1914 að Þórustöðum í Öngulsstaðahreppi. Hann lést á Akureyri þann 12. júní 1994. Páll var elstur 8 systkina.

Páll útskrifaðist frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1932 og hóf síðan störf sem kennari, bæði hjá Barnaskóla Öngulstaðahrepps en einnig sem heimiliskennari. Árið 1942 hóf hann störf á skrifstofum verksmiðja SÍS á Akureyri og starfaði þar óslitið til 1985.

Páll var söngelskur og tók þátt í margskonar félags- og menningarstarfsemi. Hann sat um árabíl í stjórn Ungmennafélagsins Árroðans í Öngulsstaðahreppi, sat í stjórn Ungmennasambands Eyjafjarðar, tók þátt í ýmsu kórastarfi á Akureyri og í Eyjafirði og sat í stjórnnum Tónlistarbandalags Akureyrar og Kantötukórs Akureyrar í nokkur ár svo dæmi séu tekin.

Páll sat einnig í stjórn Lífeyrissjóðs verksmiðja SÍS frá 1950 – 1960, í stjórn Minjasafnsins á Akureyri frá 1978 – 1986 og var formaður stjórnar Minjasafnsins á árunum 1982 – 1986.

Páll var ókvæntur og barnlaus en hélt heimili með foreldrum sínum og systkinum, fyrst á Þórustöðum en síðar á Akureyri.

Afhendingin barst frá Hólmfríði Andersdóttur, Akureyri. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 169, 844, 848, 881, 888, 1010, 2004/31, 2004/37, 2007/56 og 2011/78.

Afhendingar 2011/78 og 2014/65 eru saman í öskju.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

26. nóvember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>Páll Helgason (1914-1994), skrifstofumaður</b>			<b>2014 / 65</b>
<b>A-Páll Helgason</b>			
<b>A-Páll Helgason</b>			
2014 - A / 1	1	-	Póstkort, mörg send til Hólmfríðar Pétursdóttur á Þórustöðum í Eyjafirði; ljósmynd: Björn Arnórsson, Pétur Ólafsson og Gústaf Grönvöld úr glímufélaginu Mjölni á Akureyri.
			Er geymt í kassa með afhendingu 2011/78 Mörg ódag- og árssett